

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2020, miðvikudaginn 26. febrúar var haldinn 381. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 09:00. Mættir: Diljá Ámundadóttir Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Halla Karí Hjaltested Kópavogi. Björg Fenger Garðabæ boðaði forföll. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreason fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Rætt um öryggisáætlun skíðasvæðanna og viðbragðsáætlun vegna snjóflóða. Frestað til næsta fundar.
2. Fulltrúi Mosfellsbæjar vakti athygli á að fundargögn berist of seint fyrir fundi.
3. Rætt um veip og reykingar á skíðasvæðum.
4. Lögð fram drög að rekstrarniðurstöðu skíðasvæðanna 2019.
- kl. 09:46 vék Kristín María Thoroddsen af fundi
5. Staðan í fjöllum. Opnunardagar hafa verið 23 fyrir almenning auk æfingadaga í Bláfjöllum. Skálafell hefur verið opið í 5 daga. Snjómagnt er gott á svæðunum en veðrið hefur ekki boðið uppá mikla opnun. Þrátt fyrir slæmt veður í vetur hafa svæðin sloppið vel við tjón.

Fundi slitið kl. 10:00.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested
Rúnar Bragi Guðlaugsson

Magnús Örn Guðmundsson